

Fundargerð

3. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2006-2008, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 2. maí 2006, kl. 17:00.

Fundinn sátu: Arnþór Sigurðsson, formaður, Áslaug Ívarsdóttir, Gestur Guðjónsson, Gunnar Sigurðsson, Hörður Sverrisson, Birgir Guðjónsson, Stefán Jónasson, Fríða Rún Þórðardóttir, formaður Íþróttamannanefndar og Egill Eiðsson, framkvæmdastjóri.

1. Fundargerð 2. fundar stjórnar lögð fram. Samþykkt.

2. Fjármál.

a) Staða styrktarsamninga. Óbreytt frá 2. fundi stjórnar.

b) Merkisberaverkefnið.

Formaður greindi frá því að nokkur félög væru að vinna að því að afla meðlima innan sinna raða.

c) Frjálsíþróttablaðið.

Framkvæmdastjóri greini frá því að hann hefi rætt við þá aðila sem sáu um útgáfu fyrstu tveggja tbl. um að koma aftur að útgáfu blaðsins, en þeirra aðstæður hafa breyst og eru þeir ekki tilbúnir í verkefnið.

Áfram skal unnið að lausn málsins og stefnt að útgáfu 4.tbl. í lok júlí, fyrir 80. Meistaramót Íslands.

d) Samningur við RUV.

Lagður fram undirritaður samstarfssamningur við Íþróttadeild RUV vegna sýninga frá Gullmótum IAAF og frá mótum innanlands. Annarsvegar er um að ræða rammasamning fyrir árin 2006-2009 og hinsvegar sérstakan samning vegna útsendinga á árinu 2006.

FRÍ framselur RUV sýningarétt á Gullmótum IAAF til næstu fjögurra ára, auk sérstaks samkomulags um útsendingar frá mótum innanlands á samningstímanum. Á þessu ári mun RUV gera sérstaka samantektarþætti frá 80. Meistaramóti Íslands og Bikarkeppni FRÍ. Aukin áhersla er lögð á beinar útsendingar frá innanhússmótum í samningnum á næstu árum.

4. Landsliðsmál.

a) Nordic 10.000m Challenge 25. maí.

Lögð fram tillaga frá ÍÞA um val á eftirfarandi keppendum á Norðurlandamót í 10.000m hlaupi 25. maí nk.: Kári Steinn Karlsson, Stefán Guðmundsson og Fríða Rún Þórðardóttir. Samþykkt.

Mögulegt er að bæta við keppendum fram til 15. maí, en þá rennur út skráningarfrestur til þátttöku í keppninni. Rætt.

b) Val á þjálfurum og fararstjórum í eftirfarandi verkefni í júní og júlí:

Evrópubikarkeppni landsliða í Banska Bystrica í Slóvakíu 17.-18. júní:

Aðalfararstjóri: Hörður Sverrisson

Aðstoðarfararstjóri: Dóra Gunnarsdóttir

Þjálfarar: Jón Sævar Þórðarson, yfirþjálfari.

Aðrir þjálfarar: Gísli Sigurðsson, Ragheiður Ólafsdóttir og Stefán Jóhannsson

Norðurlandameistaramót unglunga í fjölþrautum í Moss, 17.-18. júní:
Fararstjóri og þjálfari: Freyr Ólafsson. Samþykkt.

Evrópubikarkeppni í fjölþrautum í Monzon á Spáni 1.-2. júlí:

Fararstjóri og þjálfari: Jón Oddson. Samþykkt.

Rætt um þörf á að bæta við öðrum þjálfara ef fjöldi þátttakenda yrði meiri en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir s.s. ef farið yrði með fullt lið í kvenna eða karlaflokki, en það ræðst ekki fyrir en eftir MÍ í fjölþrautum í byrjun júní.

5. Mótamál.

- a) Nordic 10.000m Challenge 25. maí.
Undirbúningsnefnd hefur haldið einn fund og er undirbúningsvinna fyrir mótið í gangi. Skv. forskráningu frá hinum Norðurlöndunum eru um 20 keppendur væntanlegir til landssins og um 25-27 manns alls.
Fram kom að keppnin fari fram eftir hádegi á Uppstigningardag á Kópavogsvelli og mun Kópavogsbær bjóða þátttakendum veitingar í Smáranum að lokinni keppni, þar sem verðlaunaafhending fer fram.
- b) Mót á vegum sambandsaðila.
Rætt um skort á opnum mótum á vegum sambandsaðila í sumar.
Fram kom að mikilvægt sé að auka framboð á opnum mótum og keppnisgreinum fyrir meistaraflokksfólk s.s. vegna vals í landslið fyrir Evrópubikakeppni.
Fundur með félögum um málið fer fram að loknum þessum fundi til að ræða þessi mál. Rætt.

6. Nefndir og ráð 2006-2008.

- a) Formaður lagði fram tillögu um skipan Öldungaráðs 2006-2008.
Óskar Thorarensen, formaður, Jón Magnússon, Óskar Hlynsson, Sigurður Haraldsson og Trausti Sveinbjörnsson. Samþykkt.
- b) Formaður lagði til að Gunnar Sigurðsson kæmi inní Íþróttá- og afreksnefnd FRÍ úr stjórn FRÍ í stað Sonju Sif Jóhannsdóttur. Aðrir í nefndarmenn eru Sigurbjörn Árni Arngrímsson, formaður, Fríða Rún Þórðardóttir, Jón Sævar Þórðarson. Samþykkt.
- c) Formaður lagði fram tillögu um nýja stjórn FRÍ ehf.
Arnþór Sigurðsson, formaður, Gestur Guðjónsson og Hörður Sverisson. Samþykkt.

7. Lagt fram

- a) 19. útgáfa af leikreglum FRÍ er tilbúin til útgáfu. Birgir Guðjónsson formaður Tækninefndar sá um vinnu við útgáfuna, en þetta er 12. útgáfan sem Birgir sér um er hún komin inná heimasíðu FRÍ. Stjórn FRÍ þakkar Birgi hið mikla starf sem hann hefur haft með höndum vegna útgáfu leikreglna, bæði nú og sl. 20 ár. Samþykkt að framkvæmdastjóri láti prenta ákveðið upplag af leikreglunum, sem verði til sölu á skrifstofu FRÍ. Einnig samþykkt að senda eintök af reglunum á stærstu frjálsíþróttavelli landsins.
- b) Lögð fram skýrsla Guðmundar Kristinssonar um CEO námskeið á Ítalíu.
- c) Apríl pistill unglingalandsliðsþjálfara lagður fram.
- d) Fundargerð frá Norðurlandafundi framkvæmdastjóra í Osló lögð fram.
- e) Nýútkomin skýrsla um tölfræði íþróttahreyfingarinnar 2004 lögð fram.
Hægt er að nálgast eintak af skýrslunni á skrifstofu FRÍ.

8. Önnur mál.

- a) Samþykkt að senda framkvæmdastjóra til Osló um næstu mánaðarmót til að kynna sér framkvæmd á Tina Staffetten 1. júní nk. Þetta árlega hlaup sem Norska frjálsíþróttasambandið stendur fyrir er stærsti íþróttaviðburður í Noregi með um 90-100 þúsund þátttakendum á aldrinum 12-16 ára, en þetta er í 13. skipti sem hlaupið fer fram.
- b) Framkvæmdastjóri verður í sumarfrí erlendis frá 8.-21. júní nk. Rætt um að nauðsinlegt sé að fá afleysingarmann á skrifstofu í fjarveru hans á þessum tíma.
- c) Fríða Rún ræddi um akstur bifreiða á hlaupabrautinni á Laugardalsvelli að undanförunu, en þar standa nú yfir framkvæmdir vegna stúkubyggingar við völlinn. Hún sagðist hafa áhyggjur af skemmdum á vellinum af þeim sökum. Samþykkt að formaður riti bréf til Frjálsíþróttaráðs Reykjavíkur vegna málsins og óski eftir að ráðið kanni málið.

Næsti fundur fyrirhugaður þriðjudaginn 23. maí nk.

Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.